

Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um kostnað vegna
þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Frá Ingu Sæland.

1. Á hvaða fjárlagaliði og undirliði dreifist kostnaður vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd?
2. Hver voru útgjöld ríkissjóðs vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á ári hverju, árin 2017–2022, sundurgreint eftir viðeigandi fjárlagaliðum og undirliðum?
3. Hve mikið greiddi ríkissjóður einkaaðilum á ári hverju, árin 2017–2022, fyrir akstur umsækjenda um alþjóðlega vernd, hvort sem er í tengslum við afgreiðslu umsóknar um alþjóðlega vernd eða sem liður í þjónustu hins opinbera við umsækjendur um alþjóðlega vernd og hvað fékk hver einkaaðili mikið greitt vegna þessa á umræddu tímabili?

Skriflegt svar óskast.